


| | | |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 09 | | |
| Dags.: 06.06 2015 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt: HJS | | |
| Síða 1 af 2 | SPÆ103 | Námsáætlun haustönn 2015 |

| | | | |
|----------------|------------------------|---------------|-----|
| Kennari | Auður Inga Ólafsdóttir | Sk.st. | AUÐ |
|----------------|------------------------|---------------|-----|

Námsgögn:

¡Nos vemos! 1-A1, Libro del alumno og Cuaderno (bláar bækur). Útg.: Difusión 2010 og 2012.

Orðabækur og tölvuorðabækur á Moodle.

Moodle aðgangur: spæ103 (engin bil).


Áætlun um yfirferð:

| Vika | Dagsetning | Libro del alumno | Cuaderno de ejercicios | Námsmat |
|------|--------------|-------------------------------------|------------------------|-----------------|
| 34 | 20.-21./8 | Kynning á áfanga | | |
| 35 | 25.-29./9 | Mæta með kennslubók – kafli 1 | æf. 1-4 | |
| 36 | 1.-5./9 | Kafli 1 | æf. 5-8 | |
| 37 | 8.-12./9 | Kafli 1 | æf. 9-11 | |
| 38 | 15.-19./9 | Kafli 1 | 12-15 | Moodle verkefni |
| 39 | 22.-26./9 | Kafli 2 | æf. 1-6 | Stöðupróf 1 |
| 40 | 29./9-03./10 | Kafli 2 | æf. 7-10 | |
| 41 | 6.-10./10 | Kafli 2 | æf. 11-13 | |
| 42 | 13.-17./10 | Kafli 2 | æf. 14-17 | Moodle verkefni |
| 43 | 20.-23./10 | Kafli 3-23/10 afm. Helga magra | æf. 1-5 | Stöðupróf 2 |
| 44 | 24-27/10 | Kafli 3 -26/10 afm. Ketils flatnefs | æf. 6-8 | |
| 45 | 28.-31/10 | Kafli 3 | æf. 9-12 | |
| 46 | 3.-7./11 | Kafli 4 MIRADOR | Upprifjunarkafli | Sjálfstæð vinna |
| 47 | 10-14/11 | Kafli 5 | æf. 1-6 | Hlustun |
| 48 | 17-21/11 | Kafli 5 | æf.7-10 | |
| 49 | 24/11- 2/12 | Kafli 5 | 11-18 | |

Með fyrirvara um breytingar

ATH: SÍMANOTKUN BÖNNUÐ Í KENNSLUSTUND, NEMA MEÐ SÉRSTÖKU LEYFI KENNARA!

Nemandi ber sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með hvenær stöðupróf eru haldin og hvenær Moodle er opið fyrir verkefni.

| | | |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 09 | | |
| Dags.: 06.06 2015 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt: HJS | SPÆ103 | |
| Síða 2 af 2 | | |

Námsmat og vægi námsþátta:

| | |
|-------------------------|---------------------------|
| Tvö stöðupróf | 15% hvert próf (alls 30%) |
| Tvö Moodle verkefni | 5% (alls 10%) |
| Hlustun | 5% |
| Þátttaka nemanda í tíma | 5% |
| Lokapróf | 50% |
| Alls: | 100% |

Annað:

Nemanda ber að ljúka öllum námsþáttum annarinnar. Einkunn 0 er gefin fyrir verkefni/próf sem ekki er skilað inn og nemandi fær EKKI annað tækifæri til að skila, nema sérstakar óviðráðanlegar aðstæður hafi komið upp. Einkunn 0 er einnig gefin ef augljóst þykir að þýðingasíður á netinu hafi unnið verkefni nemanda. Ná þarf einkunn 4.0 á lokaprófi til að standast áfangann.

Áfangalýsing:

Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjáfaður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið einfaldan texta um kunnugleg efni. Lögð er áhersla á lesskilningsþjálfun s.s. tal, hlustun og ritun, með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður og geti spurt og svarað einföldum spurningum. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning spænskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi í kennslutímum. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og nemendum er kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðun þessa áfanga
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávörp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils